

# Íslenskur vinnumarkaður – erlent starfsfólk

## Ritstýrt hefti Íslenska þjóðfélagsins

Ritstjórar: Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir,  
prófessorar í mannfræði, Háskóli Íslands

### Inngangur

Miklar breytingar hafa orðið á síðustu áratugum á alþjóðlegum vinnumarkaði með hraðari og auðveldari samgöngum, opnum mörkuðum og afnámi hafta. Hreyfanleiki fólks hefur aukist og þar hafa vinnutengdir flutningar af margvíslegum toga verið mikilvægir (IMR, 2017). Alþjóðlegir samningar eins og um sameiginlegan vinnumarkað innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagsvæðisins hafa þar haft mikil áhrif. Ísland hefur ekki farið varhluta af þessum breytingum. Fólki, sem hefur komið til starfa á Íslandi til lengri eða skemmri tíma, hefur fjölgað mikið og sérstaklega þeim sem koma frá Evrópska efnahagssvæðinu (Kristjánsdóttir og Christiansen, 2015; Unnur Dís Skaptadóttir, 2010; Wojtynska, 2011). Aldrei áður hefur eins margt erlent fólk starfað á íslenskum vinnumarkaði og nú; stór hluti þeirra í láglounastörfum. Árið 2017 voru erlendir ríkisborgarar 12% vinnuafslsins (Vinnuálastofnun, 2018).

Viðfangsefni þessa sérheftis eru, eins og titill þess endurspeglar, vinnutengdir flutningar og íslenskur vinnumarkaður. Þessir flutningar eru skoðaðir út frá breiðu þverfræðilegu sjónarhorni þar sem dregin er athygli að mikilvægi þeirra í mótun íslensks samfélags annars vegar og að reynslu fólks af flutningum hins vegar. Hvaða áhrif hefur íslenskur vinnumarkaður og viðhorf haft á stöðu innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði? Hvernig hafa alþjóðleg lög og hugmyndastraumar um stöðu og hlutverk fólks af erlendum uppruna mótað þátttöku, möguleika og reynslu þeirra hér á landi? Hvaða áhrif hafa sviptingar á vinnumarkaði – mikið atvinnuframboð eða lítið – haft á umræðu í samfélaginu eða á réttindi erlends starfsfólks? Hvað þýðir sveigjanlegur vinnumarkaður fyrir innflytjendur og með hvaða hætti hafa alþjóðlegir straumar, sem leggja áherslu á enn opnari vinnumarkað, mótað íslenskt samfélag? Hvaða hópar eru útilokaðir frá íslenskum vinnumarkaði og á hvaða hátt? Hvernig er menntun og fyrri starfsreynsla erlends starfsfólks metin á íslenskum vinnumarkaði? Í þessum inngangi eru viðfangsefni ólíkra greina sérheftisins sett í fræðilegt og sögulegt samhengi vinnutengdra flutninga. Við byrjum á fræðilegri umfjöllun þar sem við undirstrikum mikilvægi þess að skoða alþjóðlegt samhengi þessara flutninga. Spurningar, sem vakna í íslensku samhengi, eru oft einnig mikilvægar alþjóðlega. Við fjöllum síðan um sögulegt samhengi vinnutengdra flutninga til Íslands og förum að lokum stuttlega yfir efni greinanna í heftinu.

## Fræðilegt samhengi

Eitt helsta einkenni hnattræns vinnumarkaðar samtímans er áhersla á sveigjanleika og hreyfanleika fólks og fyrirtækja. Á síðustu áratugum hafa fyrirtæki í auknum mæli fært framleiðslu sína þangað sem laun eru lág og ráðið til sín fólk frá lágtekjussvæðum. Algengt er að erlent verkafólk sé ráðið tímabundið og oft í óformlega geiranum með lítið atvinnuöryggi. Þetta fólk er iðulega í viðkvæmri stöðu og verður fyrir mismunun. Lengi vel snerust rannsóknir að miklu leyti um aðlögun (e. integration) innflytjenda að samfélaginu þar sem sjónum var fyrst og fremst beint að breytingum á viðhorfum innflytjendanna sjálfra (sjá umræðu í Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010). Í dag snúast rannsóknir á stöðu innflytjenda í auknum mæli um það hvernig þeir fá aðgang að samfélaginu og á hvaða hátt þeir eru útilokaðir, um atbeina þeirra og þverþjóðleg tengsl þeirra (Eriksen, 2007). Sjónum er einnig í auknum mæli beint að margs konar ójöfnuði, mismunun í samfélaginu í garð nýrra íbúa og hvernig aðskilnaði og aðgreiningu er viðhaldið til dæmis hvað búsetu og störf varðar (Meissner og Vertovec, 2015). Margir hafa bent á að áherslur nýfrjálshyggjunnar á sveigjanlegt vinnuafli hafi grafið undan réttindum fólks og gert stöðu þess á vinnumarkaði viðkvæmari (Anderson, 2010; Standing, 2011). Eins og Alþjóðavinnuástandstofnunin hefur bent á er erlent fólk oft fyrst til að missa vinnuna, ef atvinnuástand versnar, og að það vinnur oft fyrir lægri laun, við erfiðari aðstæður og lengri vinnutíma en innfæddir. Í sumum tilfellum má jafnvel flokka aðstæður fólks sem mansal (IMR, 2017). Á sama tíma er erlent starfsfólk mikilvægt fyrir efnahag þjóðríkjanna því að það fyllir oft stöður þar sem vantar fólk, svo og að skapa sjálft ný störf og atvinnu fyrir aðra (IMR, 2017). Hér þarf að hafa í huga að fólk, sem flyst milli landa vegna vinnu, er ósamstæður hópur þar sem sumir flytja vegna erfiðs atvinnuástands og óásættanlegrar stöðu í upprunalandi en aðrir vilja nýta sérfræðipækkingu eða eru í leit að nýjum tækifærum. Þar að auki hafa rannsóknir undirstrikað mikilvægi þess að skoða tengsl vinnutengdra flutninga við kyn, þjóðerni, kynhneigð, stétt og jaðarstöðu ákveðinna hópa (McDowell, 2008). Styrking ytri landamæra Evrópulanda með Schengen-samkomulaginu á síðastliðnum áratugum einfaldaði vinnutengda flutninga innan Schengen en mun erfiðara er fyrir þá sem standa utan við samkomulagið að setjast að í Evrópu vegna vinnu (Anderson, 2014; Garner, 2007).

Vegna vaxandi þjóðernisöfuga má víða í heiminum sjá áhyggjur af stöðu fólks af erlendum uppruna og af auknu eftirliti með ákveðnum hópum innflytjenda (Fassin, 2011). Þrátt fyrir að fordómar hafa lengi verið til staðar gagnvart erlendu fólki eða einstaklingum með innflytjendabakgrunn hafa margir bent á að umhverfi síðustu ára, sérstaklega eftir 2016 þegar Trump var kosinn forseti Bandaríkjanna og Bretar kusu að ganga úr Evrópusambandinu, hafi skapað aðstæður þar sem fordómar gagnvart ólíkum hópum innflytjenda hafa orðið sýnilegri (Hervik, 2018; Loftsdóttir, Smith og Hipfl, 2018). Á sama tíma búa innflytjendur oft við lítið atvinnuöryggi; þeir eru í láglaunastörfum og störfum sem eru lítills metin og sem oft eru skilgreind sem tímabundin „innflytjendastörf“ (Anderson, 2010; Standing, 2011). Staða þeirra getur verið viðkvæm vegna takmarkaðrar þekkingar á tungumáli heimamanna og vegna þess að menntun eða starfsreynsla er ekki metin. Þar sem margir innflytjendur koma frá lágtekjussvæðum eru þeir tilbúnir að samþykkja þau kjör sem bjóðast, sem eru betri en í upprunalandinu (Waldinger og

Lichter, 2003). Með auknu atvinnuleysi meðal ungs fólks í Evrópu sækjast margir eftir reynslu erlendis, oft og tíðum í störfum sem skilgreind eru sem starfsþjálfun eða sjálfbodastörf (Uriely, 2001). Þessi hópur er oft ósýnilegur í tölulegum gögnum og býr við lítil réttindi sem er meðal annars réttlætt út frá því að hann stundi ekki „alvöruvinnu“ heldur sé um frí eða þjálfun að ræða (Warburton og Smith, 2003; Wearing og McGehee, 2013). Í sumum tilfellum er erfitt að greina á milli þess hvað eigi að skilgreina sem vinnutengda flutninga og hvað ekki, eins og sjá má varðandi sjálfbodastörf ungs fólks, sem og hversu oft reynist örðugt að greina á milli þeirra sem flytja vegna vinnu, vegna fjölskyldusameiningar eða þeirra sem eru flóttamenn og hælisleitendur.

Á Íslandi hefur verið gagnrýnt hvernig afmörkun ákveðinna hópa sem „erlent vinnuafll“ gerir hvort tveggja ósýnilegt annars vegar að um er að ræða fjölbreyttan hóp einstaklinga með ólík markmið og reynslu og hins vegar að vinnutengdir flutningar eru hluti af víðtækum hnattrænum, efnahagslegum og samfélagslegum breytingum síðustu áratuga (Skaptadóttir og Loftsdóttir, 2016). Möguleikar fólks á að flytja til annarra landa til að skapa sér betra líf eða vegna þess að það þarf að flýja upprunaland eru mjög ólíkir í hnattrænum heimi sem einkennist af ójöfnuði. Þessi hnattræni ójöfnuður endurspeglar einnig í mismunandi tækifærum í nýju landi eins og í aðgangi að vinnumarkaði og mati á fyrra námi og störfum.

## Sagan – samhengið

Þrátt fyrir að vinnutengdir flutningar, sérstaklega milli landshluta, hafi alltaf verið mikilvægir fyrir íslenskt efnahagslíf voru innflytjendur innan við 2% af íbúum landsins allt fram á miðjan tíunda áratug síðustu aldar. Flestir þeirra komu frá öðrum norrænum löndum og Danir voru lengi vel flestir þeirra (Ólöf Garðarsdóttir, 2012). Þó að innflytjendur hafi verið fáir allt fram til loka síðustu aldar er saga þeirra þó löng og margbreytileg og fólk kom á mismunandi tímabilum og víða að eins og Þjóðverjar eftir seinni heimstyrjöldina og nokkrir smærri hópar flóttafólks allt frá 1956. Töluverð breyting varð á undir lok tuttugustu aldar þegar erlendu verkafólki tók að fjölga, fyrst og fremst vegna skorts á starfsfólki í fiskvinnslu og öðrum framleiðslustörfum. Á áttunda og níunda áratug tuttugustu aldar komu til dæmis konur til þess að vinna í fiskvinnslu, og þá með það að markmiði að vinna eingöngu í stuttan tíma. Þær komu frá ólíkum löndum svo sem Ástralíu, Suður-Afríku og Nýja-Sjálandi (Unnur Dís Skaptadóttir, 1996).

Miklar breytingar urðu á Íslandi á miðjum tíunda áratug tuttugustu aldar sem ýttu undir þenslu í efnahagslífinu og leiddu til aukinna fólksflutninga til landsins. Ísland varð hluti af Evrópska efnahagsvæðinu (EES) árið 1994 og áhersla varð á afnám hafta og tolla og á einkavæðingu (Danielsson og Zoega, 2009; Wade og Sigurgeirsdóttir, 2011). Bankar landsins voru einkavæddir frá 1997 til 2003 (Sigurjónsson og Mixa, 2011). Bygging Kárahnjúkavirkjunar, álvers á Reyðarfirði, fjölgun starfa í byggingariðnaði og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu á tímum mikillar þenslu ýtti undir hraða fjölgun erlendra ríkisborgara á Íslandi. Í maí 2006 fékk fólk frá nýjum ríkjum Evrópusambandsins aðgang að íslenskum vinnumarkaði. Það þurfti þá ekki lengur að sækja um atvinnuleyfi áður en það kom til landsins. Með þessum umfangsmiklu breytingum í efnahagslífinu, stórtækum framkvæmdum og með aðgangi nýrra ríkja Evrópusambandsins að sameiginlegum vinnumarkaði á Íslandi árið 2006 fjölgaði síðan innflytjendum hratt. Þessi fjölgun

hefur haldið áfram með uppbyggingu í ferðamannaiðnaði allt frá 2010. Árið 1996 voru erlendir ríkisborgarar 1,9% af íbúum landsins en voru 7,4% af mannfjöldanum 2008 (Hagstofa Íslands, e.d.). Árið 2008 þegar þenslan var sem mest, var erlent starfsfólk 10% virkra á vinnumarkaði (Anna Wojtyńska, 2012). Allt til 2004 höfðu konur meðal erlends starfsfólks verið aðeins fleiri en karlar þar sem sóst var eftir þeim í fiskvinnslustörf, umönnun og þjónustustörf. Eftir 2005 fjölgaði körlum meðal erlendra starfsmanna mjög hratt og mikill fjöldi karla frá Evrópu, flestir frá Póllandi, komu til að starfa í byggingariðnaði, bæði á höfuðborgarsvæðinu og við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álversins við Reyðarfjörð (Napierala og Wojtyńska, 2017). Fólk, sem flust hefur til landsins, hefur þannig hafið störf á mjög kynjaskiptum vinnumarkaði. Með auknum ferðamannaiðnaði hefur bæði erlendum konum og körlum fjölgað sem vinna í þjónustustörfum. Samkvæmt rannsókn Napierala og Wojtyńska frá 2010 starfaði stærsti hluti pólskra kvenna við þrif og aðrar í eldhúsum eða á veitingahúsum og við matvælavinnslu. Aðeins lítill hluti þeirra starfaði við umönnunarstörf (Napierala og Wojtyńska, 2016).

Eftir efnahagshrunið 2008 fækkaði þeim sem komu til landsins og nokkur fjöldi fólks hélt af landi brott, bæði Íslendingar og einnig allmargir Pólverjar, og þá fleiri pólskir karlar en konur (Júlíusdóttir, Skaptadóttir og Karlsdóttir, 2013). Margir sem höfðu flutt til Íslands vegna vinnu kusu að snúa ekki aftur. Margir þeirra höfðu sest að á Íslandi með fjölskyldum sínum og einnig var oft og tíðum ekki vinnu að fá í þeirra upprunalöndum og kaup oft mjög lágt (Wojtyńska og Zielińska, 2010). Innflytjendum fór aftur að fjölga með uppbyggingunni sem varð í ferðaþjónustu eftir árið 2010 (Benediktsson, Lund og Huijbens, 2011). Fjöldi erlendra ferðamanna hefur næstum því fjórfaldast frá árinu 2010 og hefur fjölgunin að jafnaði verið um 24,4% milli ára síðan þá. Mest var aukningin frá árinu 2015 til 2016 eða 39% (Oddný Óladóttir, 2017). Árið 2017 komu tæplega 2,2 milljónir ferðamanna til landsins og var það tæp 24% aukning frá fyrra ári (Ferðamálastofa, 2018). Þessi mikli vöxtur í ferðaþjónustu hefur leitt til aukinnar eftirspurnar eftir starfsfólki í bæði byggingarvinnu og ýmsum þjónustustörfum.

Þátttaka í verkalýðsfélögum á Íslandi hefur lengst af verið mikil. Kjör vinnandi fólks eru bundin af kjarasamningum og brot á þeim varðar við lög. Með þeim breytingum, sem átt hafa sér stað í íslensku atvinnulífi á síðustu tveimur áratugum undir áhrifum nýfrjálshyggju, hefur undirverktökum, svo og innlendum og erlendum ráðningarskrifstofum, fjölgað margfalt. Ráðningarfyrirkomulag er fjölbreyttara en áður og hefur útsendum starfsmönnum í byggingariðnaði til dæmis fjölgað mikið (Alþýðusamband Íslands, 2018; Karl Sigurðsson, 2016). Jafnframt eru vísbendingar um að þeim hafi fjölgað sem standa utan við hinn formlega vinnumarkað á Íslandi og eru hvorki skráðir í verkalýðsfélög né hafa gilda ráðningasamninga (Alþýðusamband Íslands, 2018). Þetta hefur sérstaklega færst í aukana á síðustu árum með fjölgun starfa sem tengjast ferðaþjónustu og byggingariðnaði. Mikið af þeim sem sinna störfum í ferðaþjónustu er ungt fólk frá Evrópusambandslöndum sem koma til að starfa árstíðabundið á Íslandi.

Áhrif fólksflutninga síðastliðinna áratuga á íslenskt samfélag og samfélagslega umræðu hafa verið töluverð en hér mikilvægt að benda á að vinnutengdir flutningar tengjast auknum hreyfanleika almennt, sem einnig hefur haft sín áhrif á Íslandi. Eftir að vinnutengdir flutningar

fóru að aukast mátti sjá töluverða umræðu um kosti og galla hins svokallaða fjölmenningslegs samfélags á Íslandi og áhyggjur af áhrifum þess á íslenska menningu og samfélag (Skaptadóttir og Loftsdóttir, 2009). Þrátt fyrir að slík umræða eigi sér stað í staðbundnu samhengi bergmálar hún oft umræðu erlendis þar sem fólksflutningar eiga sér aðra sögu (Loftsdóttir, 2012). Vinnutengdir flutningar Íslendinga sjálfra jukust eftir hrun til landa eins og Noregs. Margir höfðu misst vinnuna eða töldu sér betur borgið utan landsteinanna. Umræða brottfluttra Íslendinga speglaði sig iðulega í stöðu erlends verkafólks á Íslandi fyrir hrun (Guðjónsdóttir og Loftsdóttir, 2017). Erlent verkafólk hefur orðið fyrir fordómum hér á landi, í sumum tilfellum vegna uppruna eða litarháttar, en einnig hefur skipt máli að vera skilgreindur sem útlendingur (Kristín Loftsdóttir, 2011, 2015; Skaptadóttir, 2015). Rannsókn á fólki sem upprunnið var frá Afríku, endurspeglar að fordómar vegna litarháttar sköruðust á við fordóma gegn þeim sem „útlendinga“ (Kristín Loftsdóttir, 2011). Fordómar beinast ekki eingöngu að erlendu fólki í láglauastörfum heldur einnig að þeim sem eru í betur borguðum störfum og með sérþekkingu (Kristjánisdóttir og Christiansen, 2017; Þóra Christiansen og Erla Kristjánisdóttir, 2016). Fordómar geta jafnframt komið fram í ráðningarferlinu sjálfu gagnvart þeim sem eru að sækja um sérhæfð störf (Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kári Kristinsson, 2016). Þó eru til undartekningar frá þessu. Rannsókn á meðal grunnskólakennara af erlendum uppruna gaf til kynna að þeirra upplifun var jákvæð sem stafaði mögulega af því að þeir gátu nýtt menntun sína, af skorti á fólki með þeirra sérmenntun og tengslum sem flestir þeirra höfðu við íslenskar fjölskyldur (Björk Helle Lassen, 2010). Könnun, sem gerð var árið 2009, gaf þó sterklega til kynna að gengið var fram hjá sérþekkingu fólks af erlendum uppruna (Vala Jónsdóttir, Kristín Harðardóttir og Ragna B. Garðarsdóttir, 2009) sem endurspeglar það sem rannsóknir annars staðar hafa sýnt fram á (t.d. Parutis, 2011).

Einnig þarf að hafa í huga að vinnumarkaðurinn á Íslandi er mjög kynjaður, þar sem konur sinna bæði ákveðnum tegundum starfa en eiga einnig erfitt með komast á efsta stjórnunarstig (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Þorvaldsdóttir, 2012; Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, 2015; Unnur Dóra Einarsdóttir, Erla S. Kristjánisdóttir og Þóra Christiansen, 2017). Þessi kynjaði vinnumarkaður endurspeglar í þeim störfum, sem fólk af erlendum uppruna hefur unnið, eins og fram hefur komið; karlmenn oft í byggingariðnaði en konur í margs konar þjónustustörfum (Guðbjört Guðjónsdóttir og Kristín Loftsdóttir, 2009; Júlíusdóttir, Skaptadóttir og Karlsdóttir, 2013).

Stjórnvöld hafa einungis einu sinni, árið 2007, komið fram með stefnu í málefnum innflytjenda á Íslandi. Í þeirri stefnu var lögð áhersla á að allir íbúar landsins hefðu sömu tækifæri og gætu verið virkir þátttakendur í samfélaginu. Ekki hefur verið sett ný stefna en tvær framkvæmdaáætlanir hafa verið lagðar fram. Önnur þeirra kom fram árið 2008 en lítið af því sem fram kom í henni kom til framkvæmda vegna kreppunnar (Sigurjónsdóttir, 2016). Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016 til 2019 var samþykkt á Alþingi árið 2016. Í henni er lögð áhersla á fimm stöðir: samfélagið, fjölskylduna, menntun, vinnumarkað og flóttafólk. Útfærð eru markmið og hvernig ná megi þeim í hverri stöð. Varðandi vinnumarkaðsstöð kemur fram að áhersla verði lögð á að „hlutfall innflytjenda í opinberum störfum og í áhrifastöðum í samfélaginu endurspegli lýðfræðilega samsetningu samfélagsins“.

Einnig kom fram að sett verði í forgang að vinna að launajafnrétti, að innflytjendum verði tryggð aukin tækifæri til endurmenntunar og að staða þeirra á vinnumarkaði verði styrkt (Alþingi e.d.). Mikil áhersla hefur verið lögð á að fólk læri íslensku og að það sé virkt á vinnumarkaði og að aðlögun felist í þessum þáttum. Þó hafa yfirvöld lagt takmarkað fjármagn til íslenskukennslu og kennsluefni, þessir þættir hafa að mestu verið í höndum einkaaðila og nemendur hafa þurft að borga fyrir námskeiðin, þó með styrk frá starfsmenntasjóðum og frá ríkinu (Innes og Skaptadóttir, 2017). Vinnutengdir flutningar af margvíslegu tagi hafa einnig falið í sér að starfsfólks skóla er oft af erlendum uppruna sem og aukin fjöldi barna (Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal, 2010). Slíkt felur einnig í sér nauðsyn á margvíslegri stefnumótun af hálfu stjórnvalda og sveitarstjórna.

Innflytjendur voru 12,6% mannfjöldans á Íslandi í janúar 2018. Langflestir þeirra komu frá Evrópu og voru Pólverjar fjölmennastir eða 38,8% allra innflytjenda. Litháar eru næststærsti hópurinn en voru þó aðeins 5,5% innflytjenda en þar á eftir komu Filippseyingar sem voru á þessum tíma 4% innflytjenda og eru fjölmennastir þeirra sem koma frá Asíu (Hagstofa Íslands, 2018). Fólki, sem kemur frá löndum utan Evrópu, hefur líka fjölgað jafnt og þétt en ekki eins hratt og fólki frá Evrópu. Skýrist það meðal annars af því þeir hafa átt erfiðara með að fá atvinnuleyfi eftir að fólk frá sameiginlegum evrópskum vinnumarkaði fékk forgang frá 2006. Fólk frá löndum utan Evrópu hefur því í auknum mæli komið sem sérfræðingar eða vegna fjölskyldusameiningar. Flestir erlendir hjúkrunarfræðingar, sem fengið hafa íslenskt hjúkrunarleyfi, hafa komið frá Filippseyjum og hafa þeir fengið atvinnu- og dvalarleyfi sem sérfræðingar. Hærra hlutfall þeirra sækir einnig um íslenskt ríkisfang, þegar þeir eiga rétt á því eftir sjö ára dvöl í landinu, en þeir sem koma frá Evrópulöndum (Skaptadóttir, 2015). Flóttafólk hefur komið til Íslands í auknum mæli á síðustu árum. Aðgangur þeirra að vinnumarkaði er ólíkur eftir því hvernig þeir hafa komið til landsins. Eitt einkenni fólksflutninga til Íslands á nýrri þúsöld hefur verið að innflytjendur eru líklegri til þess að vera lengur á landinu en áður var. Á milli 1986 og fram yfir miðja tíunda áratuginn áttu innflytjendur frekar skamma viðveru en hún lengdist eftir að landið varð hluti af EES. Undantekning varð þó á tímabilinu 2004–2008 meðal karla þegar margir komu tímabundið (sjá Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson, 2011, bls. 3–4). Þó er mögulegt að þetta hafi breyst á allra síðustu árum með auknum efnahagsuppgangi og fjölgun ungs fólks sem kemur til skemmri tíma og fólks sem er ráðið til ákveðinna tímabundinna starfa í byggingariðnaði og ferðaþjónustu.

Þetta hefti samanstendur af átta greinum. Það skoðar sérstaklega þær sviptingar sem hafa átt sér stað á nýrri öld í kjölfar stórfelldra breytinga sem þá áttu sér stað. Heftið dregur þannig fram þær breytingar sem urðu á íslenskum vinnumarkaði á uppgangstímabilinu fyrir hrun, eftir hrundið og nú aftur í þenslu síðustu ára.

Í greinunum eru teknar til skoðunar ólíkir þættir vinnumarkaðar, íslenskt samfélag og staða innflytjenda sem hafa komið til starfa á Íslandi. Margar greinarnar koma inn á mismunun á íslenskum vinnumarkaði og þá einnig hvort og hvernig þjóðerni og menntun skiptir máli. Í grein Unnar Dísar Skaptadóttur og Önnu Wojtyńska um sveigjanlegan vinnumarkað og harkvinnu (e. precarious work) erlends starfsfólks er varpað ljósi á þær breytingar, sem hafa átt sér stað á síðustu árum, sem felast meðal annars í fjölbreyttari ráðningarformum þar sem fólk er í auknum mæli ráðið af starfsmannaleigum, þjónustufyrirtækjum eða sem verktakar. Viðtöl Unnar Dísar og Önnu

við fulltrúa verkalýðsfélaga, starfsleigna, Vinnumálastofnunar og nokkra innflytjendur, auk fyrri rannsókna sýna mismunun og versnandi stöðu erlends starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði þar sem vísbendingar eru um að brotum á réttindum erlends starfsfólks hafi fjölgað. Á síðastliðnum árum má sjá ört vaxandi óformlegan geira í mikilvægum greinum eins og ferðaþjónustu og landbúnaði. Í grein Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur, Jónínu Einarsdóttur og Ragnhildar Guðmundsdóttur er gerð grein fyrir störfum og aðbúnaði stækkandi hóps sjálfboðaliða með hliðsjón af þeim væntingum og kröfum sem þeir sem auglýsa eftir sjálfboðaliðum bera fram. Í rannsókninni er sjónum beint að nýjum áskorunum á íslenskum vinnumarkaði og að hópi sem hefur aðra stöðu en fólk sem kemur sérstaklega til landsins til að ganga í betur borguð störf en heima fyrir. Grein Erlu S. Kristjánsdóttur og Þóru Christiansen fjallar um menntaða innflytjendur og erfiðleika þeirra og sýnir þann mun sem margar rannsóknir hafa leitt í ljós að ríkir milli innflytjenda eftir menntun. Grein þeirra beinir sjónum sérstaklega að einstaklingum frá Filippseyjum. Flestir þeirra starfa í heilbrigðisgeiranum sem hefur á undanförunum árum reitt sig mjög á sérhæft vinnuafli erlendis frá. Íslenskir starfsmenn í heilbrigðisgeiranum hafa einnig sóst eftir tækifærum út fyrir landsteinana. Grein Kjartans Páls Sveinssonar um mikilvægi hreyfanleika fyrir íslenska lækna beinir athyglinni að menntuðum innflytjendum innan heilbrigðisgeirans. Umfjöllun Kjartans dregur fram hvernig stefna íslenska ríkisins í heilbrigðisgeiranum mótast þessa flutninga, sem og auknir möguleikar lækna á hnattræna vísu. Greinin minnir á að Íslendingar eru líka hreyfanlegt vinnuafli og slíkir flutningar móta einnig íslenskan vinnumarkað.

Nokkrar greinar heftisins koma inn á fordóma í garð fólks af erlendum uppruna á Íslandi. Grein Kristínar Loftsdóttur snýr að tímabilinu eftir hrun árið 2008 þegar ört vaxandi hópur Litháa upplifði mikla fordóma sem samkvæmt Kristínu má líta á sem kynþáttafordóma. Greinin setur stöðu þeirra á Íslandi í samhengi við umræðu erlendis um kynþáttafordóma og lögð er áhersla á mikilvægi þess að skoða ekki eingöngu viðhorf til einstaklinga heldur hvernig ákveðnir hópar eru markaðir sem minna virði en aðrir í gegnum ólíkar áherslur og stefnur sem í sameiningu skapa ákveðinn grunn fyrir fordóma í garð ákveðinna hópa. Grein Erlu S. Kristjánsdóttur og Þóru Christiansen, sem fyrr var minnst á, kemur jafnframt inn á fordóma, þá sérstaklega í garð fólks frá Filippseyjum, og hvernig einstaklingar, sem hafa sérhæfða menntun, þurfa einnig að glíma við fordóma. Grein Kára Kristinssonar og Margrétar Sigrúnar Sigurðardóttur gefur innsýn inn í mismunun eins og hún birtist við ráðningar fólks af erlendum uppruna þar sem þau greina með meginlegri aðferðafræði hvort algengt nafn meðal þeirra sem eru múslimar hafi áhrif á ráðningarmöguleika einstaklinga. Rannsóknin endurspeglar einnig að kyn skiptir máli og niðurstöður styðja þannig enn frekar við að greina megi ólíka stöðu innflytjenda á vinnumarkaði eftir kyni. Grein Helgu Tryggvadóttur tekur fyrir reynslu hælisleitenda, fólks frá ólíkum löndum. Hælisleitendur eiga – eins og Helga bendir á – erfitt með aðgengi að íslenskum vinnumarkaði og dregur grein hennar fram þá viðkvæmu stöðu, sem hælisleitendur eru í, og löngun þeirra til að taka þátt í íslensku atvinnulífi.

Þetta sérhefti er sprottið af öndvegisverkefninu Hreyfanleiki og þverþjóðlegt Ísland (Mobility and Transnational Iceland) sem var styrkt af Rannís 2016-2019. Sérheftið gerir það sýnilegt hvernig fólk sem flust hefur til Íslands er ekki aðeins „vinnuafli“ hvort sem það kemur

erlendis frá eða á rætur á Íslandi. Einnig varpar sérhefðið ljósi á að atvinnulífið er einn þáttur samfélagsins og órjúfanlegur hluti þess.

## Heimildir

- Alþingi. (e.d.) Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/145/s/1692.html>
- Alþýðusamband Íslands. (2018). *Íslenskur vinnumarkaður*. Reykjavík: Hagdeild ASÍ Sótt af <http://www.asi.is/media/314075/ny-vinnumarkadsskyrsla-2018.pdf>
- Anderson, B. (2010). Migration, immigration controls and the fashioning of precarious workers. *Work, Employment and Society*, 24(2), 300–317.
- Andersson, R. (2014). *Illegality, Inc.: Clandestine migration and the business of bordering Europe*. Oakland: University of California Press,
- Anna Wojtyńska. (2011). From shortage of labour to shortage of jobs: Polish unemployed migrants in Iceland. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Þjóðarspegillinn. Rannsóknir í félagsvísindum XII. Félags- og mannvísindadeild* (bls. 46–56). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Anna Wojtyńska. (2012). Polish workers in the capital area of Iceland. Í Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspegillinn. Rannsóknir í félagsvísindum XIII. Félags- og mannvísindadeild*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Anna Wojtyńska og Malgorzata Zielińska. (2010). Polish migrants in Iceland facing the financial crisis. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspegillinn: Rannsóknir í félagsvísindum XI. Félags- og mannvísindadeild* (bls. 1–11). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Benediktsson, K., Lund, K. A. og Huijbens, E. (2011). Inspired by eruptions? Eyjafjallajökull and Icelandic tourism. *Mobilities*, 6(1), 77–84.
- Björk Helle Lassen. (2010). Erlendir kennarar í grunnskólum á Íslandi. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennig og skólastarf* (bls. 154–186). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Danielsson, J. og Zoega, G. (2009). The collapse of a country Institute of economic studies: Working paper series W09:03 (bls. 1–23). Sótt af [www.ioes.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/W-series/2009/WP0903.pdf](http://www.ioes.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/W-series/2009/WP0903.pdf)
- Eriksen, T. H. (2007). Complexity in social and cultural integration: Some analytical dimensions. *Ethnic and Racial Studies*, 30(6), 1055–1069.
- Fassin, D. (2011). Policing borders, producing boundaries. The governmentality of immigration in dark times. *Annual Review of Anthropology*, 40, 213–226.
- Ferðamálastofa. (2018, 12. janúar). 2,2 milljónir erlendra farþega 2017. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/22-milljonir-erlendra-fartheega-2017>
- Garner, S. (2007). Atlantic crossing: Whiteness as transatlantic experience. *Atlantic Studies*, 4(1), 117–132.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Þorvaldsdóttir. (2012). Kynjakvótar og mögulegar hindranir á leið kvenna til æðstu stjórnunar. *Íslenska þjóðfélagið*, 3(1): 57–76.
- Guðbjört Guðjónsdóttir og Kristín Loftsdóttir. (2009). „Íslendingar þrifa ekki herbergi“: Skörun kyns og uppruna í störfum á hóteli. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X. Félags- og mannvísindadeild* (bls. 447–458). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.



- Guðjónsdóttir, G. og Loftsdóttir, K. (2017). Being a desirable migrant: Perception and racialisation of Icelandic migrants in Norway. *Journal of Ethnic and Migration Studies*, 43(5), 176–183.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Erlendir ríkisborgarar 1950–2018. Sótt af [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_3\\_bakgrunnur\\_\\_Rikisfang/MAN04001.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfang/MAN04001.px)
- Hagstofa Íslands. (2018). Innflytjendum heldur áfram að fjölga. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-efir-bakgrunni-2018/>
- Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal. (2010). Skólamenning og fjölbreyttir starfsmannahópar í leikskólum. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 131–156). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hervik, P. (2018) Ten years after the Danish Muhammad cartoon news stories: Terror and radicalization as predictable media events. *Television and New Media*, 19(2), 146–154.
- IMR. (2017). *International Migration Report 2017: Highlights*. Sótt af [http://www.un.org/en/development/desa/population/migration/publications/migrationreport/docs/MigrationReport2017\\_Highlights.pdf](http://www.un.org/en/development/desa/population/migration/publications/migrationreport/docs/MigrationReport2017_Highlights.pdf)
- Innes, P. og Skaptadóttir, U. D. (2017). Icelandic for adult foreigners: Effect of imposing an Icelandic language test. *Current Issues in Language Planning*, 18(1), 68–86.
- Júlíusdóttir, M., Skaptadóttir, U. D. og Karlsdóttir, A. (2013). Gendered migration in turbulent times in Iceland, *Norsk Geografisk Tidsskrift – Norwegian Journal of Geography*, 67(5), 266–275.
- Karl Sigurðsson. (2016). *Staða og horfur á vinnumarkaði á árunum 2016 til 2018*. Reykjavík: Vinnuálagstofnun.
- Kristín Loftsdóttir. (2011). Skörun kynþáttafordóma og þjóðernishyggju: Fólk af afrískum uppruna á Íslandi. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XII. Félags og mannvísindadeild* (bls. 373–380). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kristín Loftsdóttir. (2015). Útlendingar, negrastrákar og hryðjuverkamenn: Kynþáttafordómar í íslenskum samtíma. *Ritið*, 15(1), 157–179.
- Kristín Loftsdóttir og Helga Þórey Björnsdóttir. (2015). Áhættusækni í útrásargleði: Karlar og konur í bönkum og fjármálafyrirtækjum. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 11(2), 231–246.
- Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kári Kristinsson. (2016). „Hún gæti alveg verið múslimi og allt það“: Ráðning fólks af erlendum uppruna til íslenskra fyrirtækja. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 12(2), 493–416.
- Kristjánisdóttir, E. S. og Christiansen, T. H. (2015). „Damned foreigners!“: Immigrants’ communication and negotiation position in the Icelandic labor market. Í B. C. Venegas, M. Dalipi og F. L. Darder (ritstjórar), *Refreshing the cultural paradigm: Sharing stories, theories and next practices* (bls. 175–183). Spain: SIETAR EUROPA: Meridian World Press.
- Kristjánisdóttir, E. S. og Christiansen, Th. (2017). „... you have to face the fact that you're a foreigner“: Immigrants' lived experience of communication and negotiation position toward their employer in Iceland. *Journal of Intercultural Communication*, 44, 1–17.
- Loftsdóttir, K. (2012). Whiteness is from another world: Gender, Icelandic international development and multiculturalism. *European Journal of Women's Studies*, 19(1), 41–54.

- Loftsdóttir, K. Smith, A. og Hipfl, B. (2019). Introduction. Í K. Loftsdóttir, A. Smith og B. Hipfl (ritstjórar), *Messy Europe: Crisis, race, and nation-state in a postcolonial world* (bls. 1–30). New York: Berghahn books.
- McDowell, L. (2008). Thinking through work: Complex inequalities, constructions of difference and transnational migrants *Progress in Human Geography*, 32(4), 491–507.
- Meissner F. og Vertovec S. (2015). Comparing super-diversity. *Ethnic and Racial Studies*, 38(4), 541–555.
- Napierała, J. og Wojtyńska, A. (2017). Trapped in migrants' sectors?: Polish women in the Icelandic labour market. *International Migration*, 55(1), 128–141.
- Oddný Þóra Óladóttir. (2017). *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum. Júní 2017*. Reykjavík: Ferðamálastofa. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/juli/ferdatjonusta-i-tolum-2017-9.pdf>
- Ólöf Garðarsdóttir. (2012). *Fólksflutningar til og frá Íslandi 1961–2011 með áherslu á flutninga á samdráttarskeiðum* [skýrsla unnin fyrir velferðarráðuneytið]. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.
- Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson. (2011). Ungir innflytjendur og aðrir einstaklingar með erlendan bakgrunn í íslensku samfélagi og íslenskum skólum 1996–2011. *Netla –Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/020.pdf>
- Parutis, V. (2011). „Economic migrants“ or „Middling transnationals“? East European migrants' experiences of work in the UK, *International Migration*, 52(1), 36–55.
- Sigurjónsdóttir, H. (2017). Iceland: Ísafjörður municipality. Í L. G. Harbo, T. Heleniak og Å. S. Hildestrand (ritstjórar), *From migrants to workers: Regional and local practices on integration of labour migrants and refugees in rural areas in the Nordic Countries*. Nordregio Working Paper 20175. Stokkhólm: Nordregio.
- Sigurjónsson, Þ. O. og Mixa, M. W. (2011). Learning from the 'worst behaved': Iceland's financial crisis and Nordic comparison. *Thunderbird International Business Review* 53(2), 209–223.
- Skaptadóttir U. D. (1996). Gender construction and diversity in Icelandic fishing communities. *Anthropologica*, 38(2), 271–287.
- Skaptadóttir, U. D. (2011). The context of Polish immigration and integration in Iceland. Í M. Budyta-Budzińska (ritstjóri), *Integration or assimilation: Polish immigrants in Iceland* (bls.18–28). Varsjá: Wydawnictwo Naukowe Scholar.
- Skaptadóttir, U. D. (2015). Women and men on the move: From the Philippines to Iceland. Í S. T. Faber og H. P. Nielsen (ritstjórar), *Remapping gender, place and mobility. Global confluences and local particularities in Nordic peripheries* (bls. 145–156). Aldershot, Englandi: Ashgate.
- Skaptadóttir, U. D. og Loftsdóttir, K. (2009). Cultivating culture?: Images of Iceland, globalization and multicultural society. Í S. Jakobsson (ritstjóri), *Images of the North: Histories – identities – ideas*. Studia Imagologica 14 (bls. 205–216). Amsterdam: Rodopi.
- Skaptadóttir U. D. og Loftsdóttir K. (2016). The tourist and the migrant worker: Different perceptions of mobility in Iceland. Í D. Rancew-Sikora og U. D. Skaptadóttir (ritstjórar), *Mobility to the edges of Europe: The case of Iceland and Poland* (bls. 17–37). Gdansk: SCHOLAR.
- Standing, G. (2011). *The precariat. The new dangerous class*. London: Bloomsbury.
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2010). Alþjóðlegir fólksflutningar á tímum efnahagslegs samdráttar. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn. Rannsóknir í félagsvísindum X. Félags- og mannvísindadeild* (bls. 559–568). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir. (2010). Komið til móts við fjölbreytileika: Fullorðinsfræðsla fyrir innflytjendur og samþætting. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/7814/1/024.pdf>
- Unnur Dóra Einarsdóttir, Erla S. Kristjánsdóttir og Þóra H. Christiansen. (2017). ... hvað segið þið strákar?: Upplifun kvenmillistjórnenda af stöðu sinni, möguleikum og hindrunum í starfi. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 14(1), 1–23.
- Uriely, N. (2001). ‘Travelling workers’ and ‘working tourists’: Variations across the interaction between work and tourism. *International Journal of Tourism Research*, 3(1), 1–8.
- Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir. (2009). *Innflytjendur á Íslandi: Viðhorfskönnun*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Vinnumálastofnun. (2017). *Vinnumarkaðurinn á Íslandi: Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Apríl 2017*. Reykjavík: Vinnumálastofnun. Sótt af <https://www.vinnumalastofnun.is/media/1816/april-2017-skyrsla.pdf>
- Vinnumálastofnun. (2018). *Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði á árunum 2012–2017*. Reykjavík: Vinnumálastofnun. Sótt af <https://www.vinnumalastofnun.is/media/2003/erlendir-rikisborgarar-2012-2017-endanlegt.pdf>
- Wade, R. H. og Sigurgeirsdóttir, S. (2011). Iceland’s meltdown: The rise and fall of international banking in the North Atlantic. *Brazilian Journal of Political Economy*, 31, 684–697.
- Waldinger, R. og Lichter M. (2003). *How the other half works: Immigration and the social organization of labor*. Berkeley: University of California Press.
- Warburton, J. og Smith, J. (2003). Out of the generosity of your heart: Are we creating active citizens through compulsory volunteer programmes for young people in Australia? *Social Policy and Administration*, 37(7), 772–786.
- Wearing, S. og McGehee, N. G. (2013). Volunteer tourism: A review. *Tourism Management*, 38, 120–130.
- Þóra Christiansen og Erla Kristjánsdóttir. (2016). „Veggurinn er alltaf til staðar“: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum. *Íslenska þjóðfélagið*, 7(1), 5–22.